


Föstudagur 13. nóvember 2009

**Hugleiðing um raun-stýrivexti:** Ég skrifaði smá pistil og setti hann upp á sjálfstæða síðu hér á vefsetrinu. Mér datt í hug að það væri gaman að sjá hvernig verðbólga (CPI eða vísitala verðlags) í þeim löndum sem núna eru hvað verst sett í kreppunni, hefur verið undanfarin ár miðað við raun-stýrivexti í þessum löndum. Til dæmis í evrulöndunum Spáni og Írlandi. Allur pistillinn er hér; [Hugleiðing um raun-stýrivexti](#)

Fimmtudagur 12. nóvember 2009

**Er Evrópusambandið í Brussel gjaldþrota?** Það veit enginn ennþá, nema kannski þeir sem sjá um peningakassa ESB. [Børsen](#) skrifar að núna sé fimmtánda árið sem endurskoðendur kveikja á rauða ljósinu yfir ársreikningum Evrópusambandsins. Þeir neita að skrifa undir ársreikninga sambandsins, einu sinni enn. Það eru ennþá vandamál með greiðslur úr vissum sjóðum ESB. Endurskoðendurnir sögðu að það væru stórar villur í greiðslum úr peningasjóðum eins og til dæmis "structural funds". Þar var að minnsta kosti greitt 11% of mikið út sjóðnum. Þessi 11% eru um 720 miljarðar íslenskar krónur. Þau lönd sem voru nettó-greiðendur til ESB á síðasta ári - og sem borga þetta - sjást hér á myndinni til hægri. Það er fyrrverandi efnahagsráðunautur Vaclav Klaus forseta Tékklands, hann Petr Mach, sem hefur tekið tölurnar saman: sjá hér nánar um þetta afrek Petr Mach; [Hverir fá og hverjir þurfa að borga](#)



**Nýjir beinir ESB-skattar?** Nú biður Brussel um að fá að innheimta beina ESB-skatta í löndum sambandsins. Framkvæmdanefnd Evrópusambandsins í Brussel leggur til að innleiddir verði alveg nýjir og beinir ESB-skattar sem sambandið innheimtir sjálf í löndum sambandsins en ekki úr ríkissjóðum aðildarlandanna eins og gert er núna. Framkvæmdanefnd Evrópusambandsins fer einnig fram á að afnumdir verði ýmsir afslættir (*e. rebate*) sem sum lönd sambandsins hafa samið um á undanförunum áratugum. Verði þetta reyndin munum við ekki lengur geta séð hver er nettó-greiðandi eða nettó-móttakandi fjármuna í ESB-samsteypunni. Það yrði innanhúsmál framkvæmdanefndarinnar (*ríkisstjórnarinnar?*) í Brussel. Þá munum við ekki lengur geta birt svona tölur eins og hér að ofan; [Frankfurter Allgemeine](#)

Germany's Foreign Minister  
Die EU-Kommission fordert eine  
eigene Steuer  
Von Reinhold Kabisch, Brüssel

**Uppfærðar hafa verið tölur** þessa vefseturs yfir atvinnuleysi í ESB síðustu 12 mánuðina og svo einnig tölur um landa- og héraðsatvinnuleysi í ESB og nýlendum þess ásamt tölum úr EES löndunum, frá 1999 til 2008; [Atvinnuleysi í ESB núna](#)

Miðvikudagur 11. nóvember 2009

**Er eitthvað að marka** það sem bankarnir eru að segja hér í Danmörku? Ekki þarf svo að vera, segir greinandinn Thorleif Jackson hjá *Dansk Aktionærforening, Nordnet og Capinordic Capital*. Hann segir að afskriftir lána (tap á útlánum) hjá t.d. Danske Bank geti orðið um 200 miljarðar danskar krónur (4800 miljarðar ISK). Þeir allra svartsýnustu bankar í Danmörku eru ennþá allt of bjartsýnir, segir Thorleif Jackson. Það eru engar líkur á að við höfum séð toppinn á afskriftum vegna taps á útlánum bankanna núna. Ef við horfum til síðustu kreppu þá náðu afskriftir og töp fyrst hámarki á fimmta ári kreppunnar hjá Danske Bank og á sjötta ári hjá Jyske Bank. Þar á eftir héldu afskriftir bankanna áfram í mörg ár í viðbót.



"Það hefur ekki skort á væl og vol um að kreppan núna sé sú versta síðan 1930. En samt heyrum við nokkra bankastjóra koma með yfirlýsingar um að það sé að birta til og að það versta sé yfirstaðið". Það versta er ekki einu sinni byrjað, samkvæmt áliti Thorleifs. Fleiri greinendur eiga líka erfitt með að sjá samhengið á milli hækkandi atvinnuleysis næstu mörg árin, fallandi einkaneyslu, fallandi eftirspurnar, þráláttra gjaldþrota og svo, samkvæmt von bankamanna, fallandi afskriftum vegna taps á útlánum banka þeirra.

*Mín skoðun:* ég er sammála Thorleif og hef á tilfinningunni - miðað við síðustu kreppur hér, bæði í bankageiranum og í hinum grunnleggjandi efnahag (*e. the real economy*) - að þetta sé svipað og hlutföll borgarísjakans. Við erum núna búin að sjá ca. 1/12 af þeim skemmdum sem verða á grunnhagkerfinu og þá rotnun sem mun verða í eignasöfnum banka og fjármálastofnana. Þetta mun svo þokast sem dalalæða inn í lánasöfn bankanna og smá saman enda sem svart þokubúr. Þetta mun einnig verða reyndin með eignirnar í þrotabúi Landsbankans erlendis. Þær verða ekki svipur hjá sjón eftir nokkur ár. Markaðurinn mun sjá fyrir því. Glapræði og fimbulfamb í fjárfestingum borgar sig ekki. En fjármálageirinn horfir þó alltaf fram á við og mun byrja að jafna sig þó nokkuð fyrir en hinn raunverulegi efnahagur mun jafna sig; [Børsen](#)

"Ef ég er ekki 100% viss um hvar fyrirtæki verður stætt eftir 10 ár, þá snerti ég ekki á því", sagði Warren Buffet. Regla Buffet númer I: "*dont lose the money*". Regla Buffet númer II: "*muna reglu númer eitt*"

*Þriðjudagur 10. nóvember 2009*

**Þýska markið, Deutsche Mark, stjórnar** ennþá öllu í Evrópu. Heilum áratug eftir að evran kom í stað þýska marksins er útflutningsknúinn efnahagsbati og efnahagsstefna Þýskalands enn að vinna gegn efnahagsbata 15 annarra landa evrusvæðis. En að þessu sinni er þetta gert undir bankastjórn evrópska seðlabankans (ECB). Gengi evrunnar hækkar bara og hækkar, þvert á þarfir flestra hagkerfa evrusvæðis. En Þýskalandi er nokkuð sama. Spákaupmenn gjaldeyrismarkaða veðja nú á að alltof hátt gengi evru muni hækka *ennþá* meira en orðið er. Þetta gerist vegna þess að markaðurinn veit að það er Þýskaland sem ræður öllu um þennan gjaldmiðil 16 landa Evrópusambandsins. Eitt land ræður yfir gjaldmiðli 15 annarra landa.




Þessi gjaldmiðill átti að sameina. En hann sundrar kannski meira en hann sameinar. Núna skaðar hann efnahagsbata í þeim löndum sem eru ekki eins samkeppnishæf og eins ónæm fyrir of háu gengi og Þýskaland er. Þessi einkenni þýska hagkerfisins ráða mestu um hvert og hvernig gengi evru mun þróast. Þetta er bagalegt fyrir öll lönd sem eru með þessa evru, nema náttúrliga fyrir Þýskaland. Efnahagsráðherra Þýskalands segir að þetta sé "ekki til að hafa áhyggjur af". Á sama tíma hefur seðlabankastjóri ECB ítrekað ósk sína um "sterkan Bandaríkjadal", sem myndi þýða lægra gengi evru gagnvart dollar. Hans ósk er því lægri evra. Það sama hafa frönsk stjórnvöld gefið til kynna. En Þjóðverjar segja að þeir séu ekki háðir gengi evru gangvart Bandaríkjadal. Þess vegna er auðvitað ekkert að óttast. Hægri hönd Frakklandsforseta, Henri Guaino, segir að evra á 1,5 dollara sé "stórslys" fyrir Frakkland (e. disaster).

Svona er upplagt að koma í veg fyrir hagvöxt og velmegun í 15 löndum myntbandalagsins. Maður fjarstýrir gengi gjaldmiðils þeirra. Svona heldur maður hinum evrulöndunum í járngreipum og sem sínum einka-útflutningsmarkaði. Ekki er að furða þó hagvöxtur Evrusvæðis frá stofnun þess sé einn sá lélegasti í OECD. Væri ekki hreinskilnislegra að láta AGS um þetta? Að hafa AGS bara alltaf inn á gafli hjá sér? Fréttastofa Bloomberg hefur sennilega ekki þorað öðru en að breyta fyrirsögn fréttarinnar. Fyrst hljóðaði hún svona - "*Deutsche Mark Rules Again as Germany Undercuts Trichet Call to Weaken Euro*" - en núna er hún svona - "*German Exports Undercut Trichet's Weaker Euro Push (Update3)*". Einhver hefur kvartað; [Bloomberg](#)

Mánudagur 9. nóvember 2009

**Hvað er eiginlega að gerast í Finnlandi?** Ýmsir eru farnir að velta því fyrir sér hvað sé eiginlega á seyði í evrulandinu Finnlandi. Þar er mikill samdráttur í gangi, atvinnuleysi mjög hátt og landsframleiðsla fellur ennþá, mánuð fyrir mánuð og fellur einnig mjög stórt á milli ára. Þetta gerst þrátt fyrir að Finnland skorar mjög hátt á ýmsum listum yfir samkeppnishæfni og gæði innviða landa. En því miður virðast aðeins fáir hafa skoðað nákvæmlega hvernig þessir vinsældalistar búa til lista sína yfir samkeppnishæfni hagkerfa heimsins. *Douglas Muir* hjá *Hnefaylli af Evrum* gerði athugasemd við þessa vinsældalisterð fyrir stuttu í blogg færslu sem ber nafnið: [allir hljóta að vera að flytja til Finnlands núna](#)



Hagstofa Finnlands tilkynnti á föstudaginn að landsframleiðsla Finnlands heldur áfram að dragast saman á milli mánaða. Þannig féll landsframleiðsla Finnlands um 0,5% á milli júlí og ágúst. Á milli ára er landsframleiðslan nú fallin um heil 8,4% miðað við í ágúst í fyrra. Vert er að hafa í huga að landsframleiðsla á Íslandi féll um 5,5% á milli ára á fyrstu 6 mánuðum þessa árs. Það sem er áberandi í Finnlandi er það að landsframleiðsla grunnatvinnuvega s.s. landbúnaðar og skógarhöggs óx um 3% á meðan landsframleiðsla atvinnuþátta eins og iðnaðar og mannvirkjagerðar féll um 17% og þjónustugeirinn dóst saman um 6% á milli ára.

Í síðustu viku [sagði](#) forsætisráðherra Finnlands, Matti Vanhanen að myntin evra væri að valda efnahag Finnlands miklum erfiðleikum. "*Evrar er ekki eina vandamálið en samt*

stór hluti vandamálsins“ sagði Vanhanen. Burtséð frá örvunarpakka ríkisins, getur ríkisstjórnin lítið annað gert til að auka útflutning en að horfa á aðgerðarlaus á meðan fyrirtæki á borð við Stora Enso Oyj, sem er stærsti pappírsframleiðandi í Evrópu, er að flytja framleiðslu sína frá Finnlandi til Svíþjóðar til þess að geta notið kosta sænsku krónunnar. En sænska krónan er sjálfstæð fljótandi mynt og hefur fallið töluvert gagnvart evru. Sænska krónan er á engan hátt tengd mynt Evrópusambandsins, evru. Stýrivextir sænsku krónunnar eru miklu lægri en stýrivextir evru, eða aðeins 0,25% á móti 1%. Stora Enso á að hafa lokað tveim verksmiðjum í Finnlandi í ágúst því eftirspurn er minni og rekstrarkostnaður hár.

Atvinnuleysi í Finnlandi mældist 8,6% í september. *Helsinki Times* [skrifaði](#) um 40% atvinnuleysi hjá innflytjendum í Karelia héraði í blaðið á föstudaginn. Seðlabanki Finnlands spáir um 7,2% samdrætti á þessu ári. En bankinn lækkaði hagspá sína fyrir Finnland fyrir skömmu. Spáir seðlabankinn engum vexti í Finnlandi á næsta ári en 1,6% hagvexti árið 2011. Hagfræðingurinn *Edward Hugh* er undrandi yfir ástandinu í Finnlandi og hefur í því tilefni ritað greinina; [Hvað er eiginlega að gerast í Finnlandi?](#) Mynd; [hagstofa Finnlands](#)

---

**SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA**

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>